

**Hveragerðisbær**  
Ársreikningur  
2022



Hveragerðisbær  
Breiðamörk 20  
810 Hveragerði  
kt. 650169-4849

# Hveragerðisbær

## Ársreikningur

### 2022

#### **Efnisyfirlit**

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-22
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsl. uppl.	23

## Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Hveragerðisbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningssskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningssskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Starfsemin skiptist í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta (sveitarsjóður) telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar sem eru: Fráveita, Félagslegar íbúðir, Vatnsveita og Bílastæðasjóður.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 4.413,3 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.946,3 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 4.302,9 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.738,6 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð að fjárhæð 278,1 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 95,5 milljónum króna neikvæðri afkomu. Rekstrarafkoma A hluta var neikvæð að fjárhæð 248,1 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu um 76,5 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 948 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 745,7 milljónum króna.

Hlutfall reglulegra tekna af heildarskuldum og skuldbindingum er 98,03% hjá A og B hluta, samanborið við 113,97% árið 2021. Skuldahlutfall hjá A-hluta er 93,95% en var 110,07% árið 2021. Skv. 64. gr. 2. málsg. sveitarstjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.


Íbúafjöldi í Hveragerðisbæ 1. janúar 2023 var 3196 og var fjölgun um 214 einstakling frá fyrra ári.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

Ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2022 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Hveragerðisbær 13. apríl 2023

Bæjarstjóri:



Bæjarráð:

*Ara Féladóttir* *Sandra Sigurðard.* *Hallgrímur*

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

Hveragerðisbær 11. maí 2023

Bæjarstjórn:

*Jóhanna og Jóhannasólveig*  
*Ara Féladóttir*  
*Agnes R. Hansen*  
*Njóni Sigurðsson*  
*Andi Helgason*  
*Hymur Kar*  
*Sandra Sigurðard.*

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hveragerðisbæjar fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hveragerðisbæjar á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Hveragerðisbæ í samræmi við alþjóðlegar siðareglur og settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra og yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.



# Áritun óháðs endurskoðanda

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Hveragerðisbær 11. maí 2023

**Deloitte ehf.**

  
Kristján Þór Ragnarsson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2022

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	2022	Áætlun 2022	2021	2022	Áætlun 2022	2021	
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóða ....	3	2.376.000	2.161.900	2.052.709	2.371.344	2.146.240	2.048.364
Framlag úr jöfnunarsjóði .....	3	760.050	588.054	543.345	760.050	588.054	543.345
Aðrar tekjur .....	3	<u>1.166.885</u>	<u>988.621</u>	<u>1.054.623</u>	<u>1.281.871</u>	<u>1.211.997</u>	<u>1.152.536</u>
		4.302.935	3.738.575	3.650.677	4.413.265	3.946.291	3.744.245
Laun og launatengd gjöld .....	4	(2.464.507)	(2.314.235)	(2.099.990)	(2.467.198)	(2.316.891)	(2.102.198)
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	4	(92.836)	(58.643)	(234.170)	(92.836)	(58.643)	(234.170)
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>(1.397.279)</u>	<u>(1.062.766)</u>	<u>(1.271.604)</u>	<u>(1.474.013)</u>	<u>(1.240.579)</u>	<u>(1.350.547)</u>
		(3.954.622)	(3.435.644)	(3.605.764)	(4.034.047)	(3.616.113)	(3.686.915)
<b>Rekstrarafkoma fyrir afskriftir</b>		348.313	302.931	44.912	379.218	330.178	57.330
Afskriftir fastafjármuna .....	7	<u>(133.716)</u>	<u>(125.084)</u>	<u>(95.320)</u>	<u>(163.082)</u>	<u>(154.173)</u>	<u>(123.736)</u>
<b>Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði</b>		214.597	177.847	(50.408)	216.136	176.005	(66.406)
Fjármunatekjur .....	5	40.553	20.981	7.314	35.988	17.268	3.531
Fjármagnsgjöld .....	5	<u>(503.214)</u>	<u>(275.337)</u>	<u>(287.852)</u>	<u>(530.229)</u>	<u>(288.765)</u>	<u>(304.229)</u>
<b>Rekstrarafkoma ársins</b>		<u>(248.064)</u>	<u>(76.509)</u>	<u>(330.946)</u>	<u>(278.104)</u>	<u>(95.492)</u>	<u>(367.104)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>					
Lóðir og lendur .....	7	1.563.952	1.226.200	1.563.952	1.226.200
Fasteignir .....	7	2.776.843	2.829.740	2.907.959	2.951.425
Leigðar eignir .....	7	105.830	114.736	105.830	114.736
Veitukerfi .....	7	0	0	378.655	401.101
Gatnakerfi og byggingalönd .....	7	537.526	662.613	537.526	662.613
Áhöld og tæki .....	7	52.871	50.063	52.871	50.063
		<u>5.037.023</u>	<u>4.883.352</u>	<u>5.546.795</u>	<u>5.406.137</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>					
Eignarhlutar í félögum .....	8	102.988	102.875	102.988	102.875
Aðrar langtímakröfur .....		40.311	39.353	40.311	39.353
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B .....		23.686	32.474	0	0
Fyrirframgreitt vegna lífeyris .....	17	197.249	206.221	197.249	206.221
		<u>364.234</u>	<u>380.923</u>	<u>340.548</u>	<u>348.449</u>
Fastafjármunir		<u>5.401.257</u>	<u>5.264.274</u>	<u>5.887.343</u>	<u>5.754.586</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Vörubirgðir .....		2.914	2.914	2.914	2.914
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur .....	10	533.629	206.258	547.823	220.932
Aðrar skammtímakröfur .....	10	193.173	247.538	193.173	247.538
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B .....		83.775	95.288	0	0
Sjóður og bankainnistæður .....	10	118.637	44.212	118.637	44.212
Fyrirframgreitt vegna lífeyris .....	17	8.972	8.972	8.972	8.972
Veltufjármunir		<u>941.101</u>	<u>605.183</u>	<u>871.520</u>	<u>524.568</u>
<b>Eignir</b>		<u>6.342.358</u>	<u>5.869.458</u>	<u>6.758.862</u>	<u>6.279.154</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2022	31.12.2021	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eigið fé</b>					
Óráðstafað eigið fé .....	11	745.684	655.885	948.014	888.256
		<u>745.684</u>	<u>655.885</u>	<u>948.014</u>	<u>888.256</u>
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	12	946.126	894.660	946.126	894.660
Leiguskuldir .....	14	267.328	263.969	267.328	263.969
		<u>1.213.453</u>	<u>1.158.629</u>	<u>1.213.453</u>	<u>1.158.629</u>
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	13	3.597.144	3.126.036	3.802.681	3.333.013
		<u>3.597.144</u>	<u>3.126.036</u>	<u>3.802.681</u>	<u>3.333.013</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....	15	180.135	182.969	180.135	182.969
Skuldir við lánastofnanir .....		0	195.541	0	195.541
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	353.535	320.380	374.472	339.035
Skuldir við eigin fyrirtæki B .....		13.584	49.689	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	238.823	180.329	240.107	181.713
		<u>786.077</u>	<u>928.908</u>	<u>794.714</u>	<u>899.257</u>
<b>Skuldir</b>		<u>5.596.674</u>	<u>5.213.573</u>	<u>5.810.848</u>	<u>5.390.899</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>6.342.358</u>	<u>5.869.458</u>	<u>6.758.862</u>	<u>6.279.154</u>



## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	2022	Áætlun 2022	2021	2022	Áætlun 2022	2021	
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarafkoma ársins .....	(248.064)	(76.509)	(330.946)	(278.104)	(95.492)	(367.104)	
Afskriftir .....	6	133.716	125.084	95.320	163.082	154.173	123.736
Söluhagnaður fastafjármuna .....		(246)	0	(54)	(246)	0	(54)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	12	83.863	55.000	225.198	83.863	55.000	225.198
Verðbætur af skuldum og eignum .....		370.797	148.928	156.856	391.127	159.403	166.898
Veltufé frá rekstri		340.066	252.503	146.373	359.721	273.084	148.673
Vörubirgðir, breyting .....		0	0	1.078	0	0	1.078
Óinnheimtar tekjur, breyting .....	10	(286.660)	0	9.025	(286.660)	0	9.025
Rekstrartengdar eignir, breyting .....	10	47.981	744	(17.688)	48.461	744	(21.256)
Rekstrartengdar skuldir, breyting .....	15	20.075	0	142.600	19.975	0	142.471
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .....	12	(32.397)	(22.326)	(28.527)	(32.397)	(22.326)	(28.527)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>89.064</b>	<b>230.921</b>	<b>252.862</b>	<b>109.100</b>	<b>251.502</b>	<b>251.463</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>							
Fjárf. varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(52.086)	(280.288)	(627.394)	(68.439)	(310.288)	(683.836)
Tjónabætur v. varanlegra fastafj. ....		108.306	0	0	108.306	0	0
Fyrirframgreitt vegna lífeyrisgreiðslu .....		8.972	8.972	8.972	8.972	8.972	8.972
		<b>65.193</b>	<b>(271.316)</b>	<b>(618.421)</b>	<b>48.840</b>	<b>(301.316)</b>	<b>(674.863)</b>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>							
Afborganir langtímaskulda .....		(318.729)	(385.423)	(254.528)	(338.216)	(410.918)	(272.151)
Afborganir af leiguskuldbindingu .....		(19.948)	(11.754)	(17.008)	(19.948)	(11.754)	(17.008)
Nýjar langtímaskuldir .....		470.155	475.438	664.720	470.155	475.438	664.720
Skammtímaskuld á B hluta .....		(15.804)	(34.915)	(75.464)	0	0	0
Skammtímask. við lánastofn. ....		(195.505)	0	60.388	(195.505)	0	60.388
		<b>(79.832)</b>	<b>43.346</b>	<b>378.108</b>	<b>(83.514)</b>	<b>52.766</b>	<b>435.949</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		74.425	2.951	12.549	74.425	2.951	12.549
Handbært fé í upphafi árs .....		44.212	3.663	31.663	44.212	3.663	31.663
Handbært fé í lok árs .....		<b>118.637</b>	<b>6.614</b>	<b>44.212</b>	<b>118.637</b>	<b>6.614</b>	<b>44.212</b>

## 1. Almennar upplýsingar

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum. Auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignarsjóð, Þjónustumiðstöð og Fasteignafélag Hveragerðisbæjar ehf., ásamt hlutdeild sveitarfélagsins í byggðasamlögum, sameignarfélagum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félagaförum þeirra aðila sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags. Þau félag eru Bergsinn bs., Brunavarnir Ársnessýslu, Héraðsnefnd Árnesinga bs., Byggðasafn Árnesinga, Listasafn Árnesinga bs., Héraðsskjalasafn Árnesinga bs., Tónlistaskóli Árnesinga, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknað sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Félagslegar íbúðir, Fráveita og Vatnsveita.

Ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2022 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning A- og B-hluta.

Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2022 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 20 og 21 í ársreikningnum.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu reglugerðabreytingu nr. 230/2021 á 20. gr. reglugerðar 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga vegna reikningshaldslegrar meðferðar byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaförma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags. Í breytingunni fólst að sveitarfélagið færir nú hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags þessara aðila til samræmis við hlutfallslega ábyrgð sína. Áhrif þessa voru þau að sveitarfélagið færir nú hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags samstarfsverkefna sem talin eru upp í skýringu 9. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis, sjá áhrif þess á samanburðarfjárhæðum ársins 2021 í skýringu 18.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Þjónustumiðstöðvar og Fasteignafélags Hveragerðisbæjar ehf. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja: Félagslegar íbúðir, Fráveitu og Vatnsveitu. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilgreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félagum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.



## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

### Niðurfærsla eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útstandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti, og bókfært virði þeirra uppfært ef endurmetið verð þeirra er 5% umfram bókfært verð, sbr. álit reikningsskila og upplýsinganeftdar 2/2010. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum nýtingartíma eignanna. Afskriftartími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir, lóðir og gatnakerfi	40 til 100 ár
Vatnslögn og veitukerfi	25 til 50 ár
Gatnakerfi	25 til 50 ár
Veitukerfi	10 til 50 ár
Vélar, áhöld og tæki	5 til 10 ár

### Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs.

Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

### Byggðasamlög

Eignarhlutar sveitarsjóðs í byggðasamlögum eru eignfærðir á upphaflegu kostnaðarverði. Byggðasamlög flokkast sem B hluta félög þó um skylduverkefni sveitarfélaga sé að ræða, enda endurspeglar framlög til byggðasamlaganna kostnað sveitarfélagsins í viðkomandi málaflokki. Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanefndum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér frammar um niðurfærslu eigna.

### Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði.

### Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótveikningur til að mæta huqsanlequ tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við qildandi qenqi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárústreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

### Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins fyrir árið 2022 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2022	Áætlun 2022	2021	2022	Áætlun 2022	2021
<b>Útsvar og fasteignaskattur</b>						
Útsvör .....	1.984.122	1.800.412	1.711.247	1.984.122	1.800.412	1.711.247
Fasteignaskattur .....	391.878	361.488	341.462	387.222	345.828	337.117
	<u>2.376.000</u>	<u>2.161.900</u>	<u>2.052.709</u>	<u>2.371.344</u>	<u>2.146.240</u>	<u>2.048.364</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs</b>						
Tekjujöfnunarframlag .....	36.107	0	14.645	36.107	0	14.645
Útgjaldajöfnunarframlag .....	408.376	333.682	329.634	408.376	333.682	329.634
Almennt rekstrarframlag til skóla .....	105.553	73.364	59.696	105.553	73.364	59.696
Framlag v/nýbúa .....	8.770	5.643	4.950	8.770	5.643	4.950
Framlag v/fatlaðra nemenda .....	10.310	11.151	8.496	10.310	11.151	8.496
Framlag v/lækkunar fast.gjalda .....	73.243	53.831	50.956	73.243	53.831	50.956
Framlag v/málefna fatlaðra .....	107.186	107.241	71.613	107.186	107.241	71.613
Framlag vegna tónlistarskóla .....	3.507	3.142	3.356	3.507	3.142	3.356
Aukaframlag frá Jöfnunarsjóði .....	6.998	0	0	6.998	0	0
	<u>760.050</u>	<u>588.054</u>	<u>543.345</u>	<u>760.050</u>	<u>588.054</u>	<u>543.345</u>
<b>Aðrar tekjur</b>						
Þjónustutekjur .....	205.263	213.899	168.892	381.082	396.516	314.425
Endurgreiðslur .....	331.950	362.141	298.547	340.245	362.141	298.547
Aðrar tekjur .....	629.672	412.581	587.184	560.544	453.340	539.565
	<u>1.166.885</u>	<u>988.621</u>	<u>1.054.623</u>	<u>1.281.871</u>	<u>1.211.997</u>	<u>1.152.536</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>4.302.935</u>	<u>3.738.575</u>	<u>3.650.677</u>	<u>4.413.265</u>	<u>3.946.291</u>	<u>3.744.245</u>

### Álagningarhlutföll

	2022	2021	
Útsvar .....	14,52%	14,52%	
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði .....	0,415%	0,415%	A - flokkur
Fasteignaskattar - opinberar byggingar .....	1,32%	1,32%	B - flokkur
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land .....	1,48%	1,48%	C - flokkur



## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2022	Áætlun 2022	2021	2022	Áætlun 2022	2021
Laun og launatengd gjöld .....	2.464.507	2.314.235	2.099.990	2.467.198	2.316.891	2.102.198
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	83.863	58.643	225.198	83.863	58.643	225.198
Vegna A deildar Brúar lífeyrissj. ....	8.972	0	8.972	8.972	0	8.972
	<u>2.557.343</u>	<u>2.372.878</u>	<u>2.334.161</u>	<u>2.560.034</u>	<u>2.375.534</u>	<u>2.336.368</u>
	<u>2022</u>	<u>2021</u>	<u>2020</u>	<u>2019</u>	<u>2018</u>	<u>2017</u>
Stöðugildi í árslok .....	229	210	204	200	190	181
					<u>2022</u>	<u>2021</u>
Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra. ....					69.271	41.779

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2022	Áætlun 2022	2021	2022	Áætlun 2022	2021
Tekjur af eignarhlutum .....	594	4.464	1.068	594	4.464	1.068
Aðrar vaxtatekjur .....	39.960	16.517	6.246	35.395	12.804	2.463
	<u>40.553</u>	<u>20.981</u>	<u>7.314</u>	<u>35.988</u>	<u>17.268</u>	<u>3.531</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af skammtímaskuldum .....	(17.402)	(12.897)	(9.298)	(17.880)	(12.897)	(9.342)
Vaxtagjöld og verðbætur af langt. ....	(480.948)	(262.440)	(275.646)	(507.465)	(275.868)	(291.975)
Önnur vaxtagjöld .....	(4.864)	0	(2.908)	(4.884)	0	(2.912)
	<u>(503.214)</u>	<u>(275.337)</u>	<u>(287.852)</u>	<u>(530.229)</u>	<u>(288.765)</u>	<u>(304.229)</u>
	<u>(462.661)</u>	<u>(254.356)</u>	<u>(280.538)</u>	<u>(494.240)</u>	<u>(271.497)</u>	<u>(300.698)</u>

## 6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	2022	Áætlun 2022	2021
Skatttekjur .....	3.194.578	2.929.758	2.650.544
Félagsþjónusta .....	(425.394)	(419.165)	(385.199)
Fræðslu- og uppeldismál .....	(1.585.644)	(1.530.925)	(1.407.486)
Menningarmál .....	(86.546)	(89.171)	(74.293)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	(337.077)	(265.829)	(262.905)
Brunamál og almannavarnir .....	(52.394)	(52.792)	(48.400)
Hreinlætismál .....	(44.719)	(21.696)	(41.031)
Skipulags- og byggingarmál .....	(28.725)	(6.564)	(19.295)
Umferðar- og samgöngumál .....	(96.478)	(83.283)	(83.525)
Umhverfismál .....	(63.817)	(52.889)	(73.669)
Atvinnumál .....	(20.260)	(24.207)	(20.434)
Framlög til B-hluta stofnanir .....	0	0	0
Sameiginlegur kostnaður .....	(198.281)	(172.762)	(139.363)
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	(78.264)	(55.360)	(210.588)
Uppgjör vegna Brúar lífeyrissjóðs .....	(8.972)	0	(8.972)
Fjármunatekjur og fjármagnsgj. ....	45.616	29.796	8.971
Aðalsjóður samtals .....	<u>213.624</u>	<u>184.911</u>	<u>(115.645)</u>
<b>A-hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	(378.308)	(176.121)	(144.412)
Þjónustumiðstöð .....	(49.593)	(64.661)	(33.360)
Fasteignafélag .....	(32.339)	(22.841)	(26.975)
Hlutur í samstarfsverkefnum .....	(1.447)	2.203	(10.555)
A hluti samtals .....	<u>(248.064)</u>	<u>(76.509)</u>	<u>(330.946)</u>

## Skýringar

### 6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun frh.

#### B-hluta stofnanir:

Fráveita .....	7.977	17.827	9.757
Félagslegar íbúðir .....	(20.747)	(13.454)	(13.688)
Vatnsveita .....	(23.762)	(29.292)	(16.794)
Bílastæðasjóður .....	6.491	5.935	(15.432)
	<u>(30.041)</u>	<u>(18.984)</u>	<u>(36.158)</u>
A og B hluti samtals .....	<u>(278.104)</u>	<u>(95.493)</u>	<u>(367.104)</u>

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

#### Sveitarsjóður

	Fasteignir	Lóðir og lendum	Veitur, gatnakerfi og byggingaland	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	4.411.255	1.226.200	878.400	136.689	6.652.544
Sérstakt endurmat .....	0	337.753	0	0	337.753
Eignfært á árinu .....	174.946	0	0	13.168	188.114
Selt og aflagt á árinu .....	<u>(125.510)</u>	<u>0</u>	<u>(112.762)</u>	<u>(207)</u>	<u>(238.480)</u>
Staða í árslok .....	<u>4.460.691</u>	<u>1.563.952</u>	<u>765.638</u>	<u>149.650</u>	<u>6.939.931</u>

#### Afskriftir

Staða í ársbyrjun .....	1.466.779	0	215.787	86.626	1.769.192
Afskrift ársins .....	114.736	0	12.325	10.152	137.213
Selt og aflagt á árinu .....	<u>(3.497)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(3.497)</u>
Staða í árslok .....	<u>1.578.018</u>	<u>0</u>	<u>228.112</u>	<u>96.779</u>	<u>1.902.908</u>

#### Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun .....	2.944.476	1.226.200	662.613	50.063	4.883.352
Bókfært verð í árslok .....	<u>2.882.673</u>	<u>1.563.952</u>	<u>537.527</u>	<u>52.871</u>	<u>5.037.023</u>

Afskriftarhlutföll ..... 1-10% 0% 4% 10-20%

#### A og B hluti

	Fasteignir	Lóðir og lendum	Veitur, gatnak. og byggingal.	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	4.584.021	1.226.200	1.575.789	136.689	7.522.699
Sérstakt endurmat .....	0	337.753	0	0	337.753
Eignfært á árinu .....	185.714	0	(107.177)	13.168	91.705
Selt og aflagt á árinu .....	<u>(125.510)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(207)</u>	<u>(125.718)</u>
Staða í árslok .....	<u>4.644.225</u>	<u>1.563.952</u>	<u>1.468.612</u>	<u>149.650</u>	<u>7.826.439</u>

#### Afskriftir

Staða í ársbyrjun .....	1.517.860	0	512.075	86.626	2.116.562
Afskrift ársins .....	116.072	0	40.355	10.152	166.579
Selt og aflagt á árinu .....	<u>(3.497)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(3.497)</u>
Staða í árslok .....	<u>1.630.435</u>	<u>0</u>	<u>552.430</u>	<u>96.779</u>	<u>2.279.644</u>

#### Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun .....	3.066.161	1.226.200	1.063.714	50.063	5.406.137
Bókfært verð í árslok .....	<u>3.013.790</u>	<u>1.563.952</u>	<u>916.182</u>	<u>52.871</u>	<u>5.546.795</u>

Afskriftarhlutföll ..... 1-10% 0% 4% 10-20%

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok:

#### Sveitarsjóður

	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Leikskólar .....	492.645	1.412.190	830.496
Skólar .....	1.304.810	2.374.450	805.330
Íþróttahús og sundlaugar .....	602.988	1.636.593	776.084
Þjónustuhúsnæði .....	264.770	531.400	235.294
Lóðir og lendum .....	1.352.117	19.450	1.563.952
Aðrar eignir .....	<u>357.636</u>	<u>588.960</u>	<u>825.866</u>
	<u>4.374.966</u>	<u>6.563.043</u>	<u>5.037.023</u>

## Skýringar

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

#### B-hluta stofnanir

Fráveitukerfi .....	458.000	943.750	242.595
Vatnsveitukerfi .....	22.809	14.694	136.060
